



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

Sóttvarnalæknir

FARSÓTTAFRÉTTIR

1. árg. 11. tölublað. Desember 2005.

EFNI:

Hettusóttar-
tilfellum **bls.**
fjölgar enn **1**

Æfingar á **bls.**
viðbrögðum
við farsóttum **2**

Ritstjórn

Haraldur Briem
sóttvarnalæknir, ábm.

Ása St. Atladóttir
Guðrún Sigmundsdóttir
Sigurlaug Hauksdóttir
Þórólfur Guðnason

Ritstjóri

Jónína M. Guðnadóttir

LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

SÓTTVARNALÆKNIR

Austurströnd 5
170 Seltjarnarnes
Sími: 510 1900
Bréfasími: 510 1920

Netfang: mottaka@landlaeknir.is
Veffang: www.landlaeknir.is

Heimilt er að nota efni þessa
fréttabréfs, sé heimildar getið.

HETTUSÓTTARTILFELNUM Á ÍSLANDI FJÖLGAR ENN


Í Farsóttufréttum fyrr á þessu ári var fjallað um hettusótt sem greinst hafði hér á landi á árinu 2005^{1,2}. Talið var að faraldurinn hefði náð hámarki í júlí og ágúst og myndi dvína seinni hluta ársins. Nú hefur hins vegar komið í ljós að svo er ekki eins og sjá má á mynd 1. Þeir einstaklingar sem einkum eru að sýkjast eru þeir sem fæddir eru á árunum 1981 til og með 1985 (sjá mynd 2), en það eru þeir sem misstu af MMR-bólusetningunni sem hófst hjá 18 mánaða gömlum börnum á árinu 1989 og hjá níu ára gömlum börnum 1994.

Þar sem að hettusóttarfaraldurinn virðist vera vaxandi ef eitthvað er og upplýsingar hafa borist um alvarleg einkenni sýkingarinnar hefur sóttvarnalæknir ákveðið að hvetja alla einstaklinga á Íslandi fædda 1981 til og með 1985 að láta bólusetja sig með MMR bóluefni.

Þessir einstaklingar geta leitað til næstu heilsugæslustöðvar og verður bólusetningin þeim að kostnaðarlausu með sama hætti og gert er í ungbarna-bólusetningunni. Vakin er athygli á því að aukaverkanir af bólusetningunni eru óverulegar³.

Einnig er vakin athygli á því að grun um hettusótt þarf að staðfesta með mótéfnamælingu og öll staðfest tilfelli þarf að tilkynna til sóttvarnalæknis.

Mynd 1. Fjöldi tilfella af hettusótt greind 2005




¹ Farsóttufréttir 2005; 6:1

² Farsóttufréttir 2005; 7– 8:1

³ <http://www.landlaeknir.is/template1.asp?pageid=286>

Mynd 2. Fjöldi hettusóttartilfella eftir aldri í maí–nóvember 2005



ÆFINGAR Á VIÐBRÖGÐUM VIÐ FARSÓTTUM

*Tilgangur
Evrópusambandsins
með æfingunum
var að prófa
framkvæmd
viðbúnaðaráætlana.*

*Samstarf stofnana
innanlands var til
fyrirmyndar og unnið var
fagmannlega að öllum
aðgerðum á æfingunum.*

Á þessu hausti fóru fram á vegum Evrópusambandsins æfingar á viðbrögðum við bólusóttarfaraldri annars vegar og heimsfaraldri influensu hins vegar. Æfingarnar, sem stóðu í tvo daga hvor, fóru fram í október og nóvember síðastliðnum. Fyrri æfingin var eins konar undirbúningur fyrir þá síðarnefndu, en þá var sviðsettur heimsfaraldur influensu. Þátt tóku allar 25 aðildarþjóðir Evrópusambandsins og Ísland, Noregur og Sviss, Framkvæmdastjórn Evrópu, Sóttvarnastofnun Evrópu, Lyfjastofnun Evrópu, lyfjafyrirtæki og bóluefnisframleiðendur.



Frá æfingu á viðbrögðum við heimsfaraldri influensu í Samhæfingarstöð almannavarna í Skógarhlíð í nóvember sl.

Æfingunum var stýrt frá aðsetri Heilsvæðingastofnunarinnar (Health Protection Agency – HPA) í Porton Down í Bretlandi. Tilgangur Evrópusambandsins með æfingunum var að prófa framkvæmd viðbúnaðaráætlana, bæta samrýmanleika og gagnvirkni viðbúnaðaráætlana þjóðanna, kanna aðgengi og möguleika á gagn-

aðgerðum og skoða hlutverk framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins í heimsfaraldri influensu.

Samhliða Evrópuæfingunni voru æfð sóttvarnaviðbrögð á Íslandi. Æfingin á viðbúnaði við heimsfaraldri influensu fór fram í Samhæfingarstöðinni í Skógarhlíð. Aðgerðum hérlendis stjórnaði sóttvarnalæknir og almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra í samræmi við samþykktir ríkisstjórnarinnar um viðbrögð við vá af þessu tagi. Í æfingunni tóku þátt fulltrúar Landlæknisembættisins, Landhelgisgæslunnar, lögreglu, Flugmálastjórnar, Rauða

kross Íslands og Vegagerðarinnar. Að auki tóku þátt heilbrigðisráðherra og ráðuneytisstjóri heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, sóttvarnalæknar í héraði, stjórnendur á Landspítala-háskólasjúkrahúsi og á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, svo og læknar og fyrirtæki sem koma að viðbúnaðaráætluninni, sóttvarnaráð og almannavarnaráð.

Stjórnendum hérlendis þóttu æfingarnar takast vel. Samstarf stofnana innanlands var til fyrirmyndar og unnið var fagmannlega að öllum aðgerðum á æfingunum. Æfingarnar vörpuðu þó ljósi á ýmislegt sem þarf að kanna nánar og víst má telja að reynslan, sem fékkst við æfingarnar, mun koma að góðum notum, bæði við þróun viðbúnaðaráætlunar við heimsfaraldri influensu og annarra hliðstæðra ógnana á Íslandi og innan Evrópusambandsins.